

Alþingi - Umhverfis- og samgöngunefnd  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík 10. febrúar 2021

### **Umsögn Íslenska gámafélagsins um þingsályktunartillögu um byggingu hátæknisorbrennslustöðvar –125. mál.**

Íslenska gámafélagið (ÍGF) fagnar því að fá tækifæri til að veita þessari þingsályktunartillögu umsögn þar sem fyrirtækið hefur bæði reynslu af rekstri sorpbrennslustöðva og útflutningi á almennu sorpi til orkuvinnslu.

ÍGF hóf útflutning á sorpi til orkuvinnslu um mitt ár 2019 þar sem lausnir vantaði fyrir þennan úrgangsflokk fyrir sveitarfélög sem ekki höfðu aðgang að urðunarstað. Við leit að viðunandi lausn voru m.a. margar hátækniorbrennslustöðvar heimsóttar og fyrirtækið fékk upplýsingar um hversu flókinn rekstur þeirra og viðhald er. Auk þess fékk ÍGF innsýn inn í þann gífurlega kostnað sem fylgir bæði byggingu og ekki síst rekstri slíkra stöðva. Rennslið af úrgangi/hráefni þarf að vera stöðugt inn í stöðina og úrgangurinn einsleitur. Það eru því miklar kröfur á því hvernig frágangurinn á úrganginum til þess að hann passi beint inn í ferlið þar. Þessar stöðvar eru vanalega lokaðar í u.þ.b. mánuð að sumri til, þegar eftirspurn eftir orku er minni. Sá tími er notaður til viðhalds.

Í fyrstu umræðu um þessa þingsályktunartillögu, þegar hún var lögð fram sem 86. mál á 150. þingi kom fram hjá þingmanninum Sigurði Páli Jónssyni að útflutningur á sorpi væri eins og að „sópa ruslinu undir teppi hjá næsta manni“. ÍGF telur mikilvægt að leiðrétta þetta og bendir á að þetta sem hér er kallað rusl og hefur að mestu verið urðað hér á landi, er eftirsótt hráefni í hátækniorbrennslum í Evrópu. Þetta er fjarri því að sópa einhverju undir teppið því þarna er orkan nýtt í löndum sem ekki hafa jafn góða kosti og hér á Íslandi í orkumálum heldur kemur þessi brennsla til orkuvinnslu í staðinn fyrir brennslu á kolum og olíu.

Í þingsályktunartillögunni er hátækniorbrennslan á Amager í Kaupmannahöfn tekin sem dæmi og farið er yfir kosti hennar sem orkuvers ásamt því hversu lítil mengun kemur frá henni þar sem umhverfi hennar nýtist sem útivistarsvæði fyrir Kaupmannahafnarbúa. Kostnaður við þá hátækniorbrennslustöð var um 85 milljarðar og því dregur ÍGF í efa að byggingarkostnaðurinn af svona stöð á Íslandi sé á bilinu 18-22 milljarðar króna eins og fram kemur í þingsályktunartillögunni. Þetta kostnaðarmat er tekið úr umsögn sem barst nefndinni á 150. löggjafarþingi og er augljóslega langt frá því að vera raunhæft mat.

Vegna mikils byggingar- og rekstrarkostnaðar yrði orkan án efa mun dýrari en sú orka sem við nýtum núna og því engan veginn samkeppnishæf. Vegna fólksfæðar yrði förgunarkostnaður á hvert kíló úrgangs einnig gífurlega hár. Þá er spurning hvort við yrðum að flytja inn hráefni erlendis frá til að geta haldið stöðinni gangandi.

Mikilvægt er að hafa brennslu á Íslandi fyrir sóttmengaðan úrgang, dýrahæ og spilliefni en ÍGF áltur svo að bygging hátækniorbrennslustöðvar hér á landi sé of stórt og dýrt verkefni miðað við það magn

af úrgangi sem til fellur. Til að halda þeim hátæknibrennslum, sem þegar er búið að byggja í Evrópu, gangandi þarf hráefni hjá nágrannaþjóðum og verður áframhaldandi eftirspurn eftir þessu hráefni í að minnsta kosti 8-10 ár.

ÍGF telur afar sérstakt að íslenska ríkið skuli fá það hlutverk að kanna sérstaklega möguleika á því að reisa hátæknisorpbrennslustöð hér á landi. Eðlilegra væri að farið yrði í að leita heildrænna lausna fyrir úrgang í stað þess að einblína á eina lausn.

Í tölvupósti frá flutningsmanni þingsályktunartillögunnar, Karli Gauta Hjaltasyni er ítrekað að þessi tillaga gangi ekki út á að fá samþykki fyrir því að svona stöð verði reist hér á landi heldur eingöngu verið að kanna kosti og galla. Í greinagerðinni fyrir tillögunni kemur þó fram að flutningsmenn tillögunnar telja afar brýnt að Alþingi lýsi yfir vilja sínum hvað varðar byggingu hátæknisorpbrennslustöðvar á afgerandi hátt með samþykkt tillögunnar. Hér virðist raunverulegur tilgangur þingsályktunartillögunar koma fram.

Virðingarfyllst



Jón Þórir Frantzson  
Forstóri



## SAMBAND SVEITARFÉLAGA Á SUÐURNESJUM

Skógarbraut 945 • 235 Reykjanesbær • Kt. 640479-0279  
Sími 420 3288 • Netfang sss@sss.is

Alþingi,  
b.t skrifstofu Alþingis, nefndasvið,  
150 Reykjavík  
nefndasvid@althingi.is.

Reykjanesbær 19. febrúar 2021

**Efni: Tillaga til þingsályktunar um byggingu hátæknisorpbrennslustöðvar, 125.mál.**  
<http://www.althingi.is/altext/151/s/0126.html>

Meðfylgjandi er umsögn stjórnar Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum um tillögu til þingsályktunar um byggingu hátæknisorpbrennslustöð, 125. mál, <http://www.althingi.is/altext/151/s/0126.html>.

„Stjórn S.S.S. vísar í skýrslu sem unnin var af ReSource fyrir Umhverfisstofnun. Þar kemur m.a. fram á bls. 4, að hagstæðara sé að hafa eina sorpbrennslustöð á Íslandi frekar en margar litlar. Sveitarfélögin á Suðurnesjum, Kadeco, Isavia og S.S.S. vinna að innleiðingu hringrásarhagkerfisins á Suðurnesjum. Hluti af því verkefni er að stofnun Sjálfbærnigarðs í Helguvík þar sem ný sorporkustöð væri hjartað í slíkum garði. Stjórn S.S.S. ásamt fyrr nefndum aðilum lýsa yfir áhuga á því að vinna að þessu máli í samráði við aðra hagaðila.“

Tilkynnist hér með.

Virðingarfyllst,

  
Berglind Kristinsdóttir  
framkvæmdastjóri S.S.S.

## Alþingi

### Umhverfis og samgöngunefnd

Ísafirði 18. febrúar 2021

Umsögn þingsályktun um byggingu hátæknibrennslustöðvar mál 125.

Vestfjarðastofa fagnar umræðu um byggingu hátæknisorpbrennslustöðvar enda sé bygging hennar sé hluti af því verkefni í því að Íslendingar verði sjálfbærir í sorpmálum. Einnig er það mat Vestfjarðastofu að verkefnið sé liður því að samræma sorpflokkun um allt land, en umræða um vöntun á skýrri stefnu stjórnvalda í þeim málum hefur farið fram í langan tíma á Vestfjörðum, meðal annars í ályktun 4. Haustþings Fjórðungssambands Vestfirðinga árið 2019.

#### Ályktun um flokkun sorps

4. haustþing Fjórðungssambands Vestfirðinga haldið á Hólmavík 2019 hvetur stjórnvöld landsins til að koma af krafti inn í málaflokk sorps, þannig að tryggja megi t.d. að flokkun sorps verði alstaðar sú sama á landinu.

4. haustþing leggur einnig til að farið verði í samræmda vinnu í sorpmálum innan fjórðungsins. Vinna þarf markvisst að því að draga úr umfangi sorps og nauðsynlegt er að komist verði út úr þeirri skammtímalausn sem felst í urðun sorps í því gríðarlega magni sem nú er.

Nauðsynlegt er að allir landsmenn, jafnt í borg sem í sveit, komi af sömu virðingu fram við umhverfið og leggi sitt að mörkum við að draga úr losun sorps og bæti nýtingu á því hráefni sem sannarlega er vannýtt í sorpi.

Ljóst er að vinna þarf markvisst að því að draga úr umfangi sorps og nauðsynlegt er að komist verði út úr þeirri skammtímalausn sem felst í urðun sorps í því gríðarlega magni sem nú er.

Vestfjarðastofa vill að lokum benda á að við mat á forsendum á staðsetningu stöðvarinnar verði kannaður til hlítar möguleikar á uppbyggingu hennar og eða fleiri minni stöðvar um landið. Bera þarf saman umhverfisáhrif og kostnað á íbúa á Vestfjörðum ef flytja á brennanlegt sorp frá Vestfjörðum, um erfiða fjallvegi er að fara og vegakerfið er að hluta ekki undirbúið undir aukna þungaflutninga. Á Vestfjörðum er lítið um jarðhita við þéttbýlustu byggðarlögin og ef brennslustöðin væri staðsett á slíkum „köldum svæðum“ væri hægt að nýta þá orku sem til verður bið brunan til upphitunar

Vestfjarðastofa lýsir sig tilbúna til að koma frekar að málinu bæði hvað varðar frekari greiningu, staðsetningu og mótun tillagna.

Fyrir hönd Vestfjarðastofu

Aðalsteinn Óskarsson, sviðsstjóri